



ÁRSSKÝRSLA 2021

Dómstólasýslan | Hæstiréttur Íslands | Landsréttur | Héraðsdómstólar



DÓMSTÓLASÝSLAN

Ársskýrsla 2021
Dómstólasýslunnar
Hæstaréttar
Landsréttar
Héraðsdómstólanna

*Ársskýrslan er unnin og gefin út til samræmis við 4. tölul. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa

Mynd á forsíðu:

Útsýni yfir Lögberg - Mynd frá Shutterstock

Útgefandi:

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14, 3. hæð
108 Reykjavík.
S: 432 5010

EFNISYFIRLIT

Inngangur ársskýrslu 2021	4
Dómstólasýslan	6
Stjórn dómstólasýslunnar	6
Hlutverk dómstólasýslunnar	8
Stefna dómstólasýslunnar	9
Umhverfisstefna	9
Reglur	9
Námsleyfi dómara	10
Námskeið, fundir og aðrir viðburðir á árinu 2021	10
Upplýsingamál dómstólanna	14
Upplýsingatækni	16
Sérfróðir meðdómsmenn	17
Nefndir hjá dómstólasýslunni	17
Fagráð og starfsmenntunarsjóður dómara	18
Erlent samstarf	18
Fjárheimildir dómstólanna	19
Mannauður dómstólanna og dómstólasýslunnar	20
Dómstólarnir í tölum	22
Hæstiréttur	24
Fjöldi mála	25
Dæmd mál og málsmeðferðartími	25
Málskotsbeiðnir - áfrýjunar- eða kæruleyfi	26
Landsréttur	27
Fjöldi mála	28
Dæmd mál og málsmeðferðartími	28
Héraðsdómstólarnir	31
Fjöldi mála	31
Einkamál	32
Ákærumál	33
Gjaldþrot	33
Rannsóknarúrskurðir	35
Endurupptökudómur	36

INNGANGUR ÁRSSKÝRSLU 2021

Dómstólarnir voru vel undir það búinir að takast á við áhrif kórónaveirunnar sem setti mark sitt á samfélagið á árinu. Vel tókst til við að samræma viðbrögð og tryggja nauðsynlega starfsemi dómstólanna. Áhrif veirunnar í dómskerfinu á árinu birtust einkum í talsverðri fækkun innkominna mála hjá héraðsdómstólunum en óverulegar breytingar urðu á málshraða frá því sem verið hefur, bæði í einka- og sakamálum. Fleiri einka- og sakamálum var áfrýjað en árinu áður til Landsréttar og Hæstaréttar. Afgreiðslutími áfrýjunarmála hjá Landsrétti í áfrýjunarmálum lengdist nokkuð en styttest hins vegar í kærumálum. Eins og árin á undan var rétturinn ekki fullmannaður. Hjá Hæstarétti urðu óverulegar breytingar á málsmeðferðartíma í áfrýjuðum einkamálum. Hann styttest hins vegar í sakamálum, einkum í kærumálum.

Dómstólasýslan hefur það hlutverk samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla að ákveða fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól. Á árinu tók dómstólasýslan í notkun mannaflalíkan sem ætlað er að treysta grundvöll undir ákvarðanir um mannafla hvers héraðsdómstóls um sig á komandi rekstrarári þannig að vinnuálag á þeim verði

sem jafnast og jafnframt að skapa traustari grundvöll að sanngjarnri skiptingu sameiginlegra fjárveitinga milli þeirra. Í mannaflalíkaninu er mælt vinnuálag á hverjum héraðsdómstól á síðustu þremur árum með tilliti til málafjölda og ætlaðrar vinnu við afgreiðslu mála í einstökum málaflokkum. Unnt er að nota líkanið til að prófa áhrif breytinga á fjölda dómara og aðstoðarmanna á einstökum dómstólum á dreifingu vinnuálags.

Á árinu tók dómstólasýslan til sérstakrar skoðunar málsmeðferðartíma á héraðsdómsstiginu. Settur var saman vinnuhópur til að leggja mat á þá þætti sem mest áhrif hefðu á málshraðann og kanna hvaða leiðir væru áhrifaríkastar til að stytta málsmeðferðartímann.

Sú reynsla af notkun stafrænna lausna við meðferð mála sem skapaðist vegna kórónaveirunnar nýttist vel á árinu til að bæta almennt aðgengi að dómstólum og komast hjá ferðalögum tengdum rekstri dómsmála. Það var því fagnaðarefni að við lok ársins var tímabundin heimild til að nota rafrænar lausnir og fjarfundarbúnað við meðferð dómsmála, sem kom inn í réttarfarslöggjöfina 2020, framlengd til loka árs 2023.



Þróun stafrænna lausna í atvinnulífinu, skólastarfi og víðar í samfélaginu er hröð og óhjákvæmilegt er að dómstólarnir þróist í takt við þessar tækni- og samfélagsbreytingar. Dómstólasýslan hefur lagt áherslu á það í starfsemi sinni á árinu að vinna að framtíðarsýn og stefnumótun um stafrænt dómskerfi þar sem málsmeðferð fyrir dómstólum verður að miklu leyti stafræn. Unnið var að þróun réttarvörslugáttar í samstarfi við dómismálaráðuneytið og að því að kortleggja mögulegar breytingar á réttarfarslöggjöf til að styðja við stafræna málsmeðferð. Þá var haldið áfram að bæta tækni- búnað hjá dómstólunum, þar á meðal með kaupum og uppsetningu á fullkomnari fjarfundarbúnaði í dómhúsum.

Ólöf Finnsdóttir framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar og þar á undan dómstólaráðs lét af störfum um mitt árið þegar hún tók við starfi skrifstofustjóra hjá Hæstarétti. Eru henni færðar sérstakar þakkir stjórnar dómstólasýslunnar fyrir vel unnin störf. Við starfi Ólafar hjá dómstólasýslunni tók Kristín Haraldsdóttir.



Í ársskýrslunni er að finna samantekt á helstu verkefnum dómstólasýslunnar á liðnu ári. Þar eru jafnframt ítarlegar upplýsingar um fjölda og tegundir mála sem til úrlausnar hafa verið á hverju dómstigi og um afgreiðslu þeirra.

September 2022

Sigurður Tómas Magnússon
formaður stjórnar

Kristín Haraldsdóttir
framkvæmdastjóri

DÓMSTÓLASÝSLAN

Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnáslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnáslu dómstólanna, styrkja stjórnáslu þeirra og um leið stuðla að samræmi í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstiganna þriggja. Dómstólasýslan lýtur ekki boðvaldi annarra innan dómskerfisins og er óháð löggjafar- og framkvæmdavaldinu.

Stjórn dómstólasýslunnar

Ráðherra skipar fimm menn sem mynda stjórn dómstólasýslunnar og er skipunartíminn fimm ár, sbr. 6. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016.

Stjórnina skipuðu 2021:

Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari, formaður, skipaður frá og með 1. ágúst 2020 til og með 31. júlí 2025. Varamaður Sigurðar Tómasar Magnússonar er Ingveldur Einarsdóttir, hæstaréttardómari, skipaður til sama tíma.

Hervör Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar, skipað til 31. júlí 2023. Varamaður hennar er Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari, skipaður til sama tíma.

Kristín Haraldsdóttir lektor, skipað til 31. júlí 2022. Kristín sagði sig úr stjórninni og var veitt lausn frá og með 3. júní 2021. Varamaður hennar, Guðni Bergsson, lögmaður, skipaður til sama tíma, tók sæti í stjórninni þar til nýr aðalmaður, Margrét Einarsdóttir, prófessor, var skipað frá og með 22. september 2021 til og með 31. júlí 2022.

Bergþóra Kristín Benediktsdóttir verkefnastjóri, skipað til 31. júlí 2021. Varamaður hennar er Erna Björt Árnadóttir dómritari, skipað til sama tíma. Þær voru báðar skipaðar á ný frá og með 4. ágúst 2021 til og með 3. ágúst 2026.

Halldór Björnsson héraðsdómari skipaður til 31. júlí 2024. Varamaður hans er Arnaldur Hjartarson héraðsdómari, skipaður til sama tíma.

Dómsmálaráðuneyti

Dómstólasýslan

Hæstiréttur Íslands

Landsréttur

Héraðsdómstólar

Endurupptökudómur

Nefnd um dómaraströf; dómnefnd



DÓMSTÓLASÝSLAN

Hlutverk stjórnar og fundir:

Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er skilgreint í 7. gr. laga um dómstóla.

Stjórn dómstólasýslunnar leggur mat á og gerir tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna.

Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga.

Dómstólar skulu skilgreindir sem sérstakt málefnasvið í frumvarpi til fjárlaga og í fjárlögum. Í fjárlögum skal kveðið sundurliðað á um fjárveitingar til Hæstaréttar Íslands, Landsréttar, héraðsdómstólanna sameiginlega og dómstólasýslunnar. Stjórn dómstólasýslunnar skiptir á milli héraðsdómstólanna fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.

Stjórn dómstólasýslunnar ákveður fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og setur almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra.


Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um leyfi dómara frá störfum og veitir dómurum leyfi. Stjórnin setur einnig reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni og ákveður verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra auk þess að ákveða hvaða stjórnsýsluverkefni skuli heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstólanna að því leyti sem þessi atriði eru ekki ákveðin í lögum.

Haldnir voru 16 fundir stjórnar á árinu. Fundargerðir stjórnar eru birtar á vefsíðu dómstólasýslunnar, www.domstolar.is. Starfsdagur stjórnar var haldinn 8. október 2021.

Hlutverk dómstólasýslunnar

Hlutverk dómstólasýslunnar er skilgreint í 8. gr. dómstólalaga í sjö töluliðum. Upptalning er ekki tæmandi.

1. Að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnarsýslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu dómstólanna sameiginlega.
2. Að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla.
3. Að fara með yfirstjórn upplýsingamála og tæknimála dómstólanna, annast þróun þeirra mála og eftir þörfum ábendingar af því tilefni.
4. Að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
5. Að stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málsskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum, samkvæmt þessum lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð ákærumála.
6. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.
7. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda.



Á grundvelli 4. mgr. 9. gr. dómstólalaga skal nefnd um dómarastörf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni og á grundvelli 2. mgr. 11. gr. dómstólalaga skal það sama gilda um dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá hefur Endurupptökudómur aðsetur hjá dómstólasýslunni, sbr. 8. mgr. 54. gr dómstólalaga.

Stefnukort dómstólasýslunnar.

ÞJÓNUSTA	VERKLAG	MANNAUÐUR	FJÁRMÁL
Réttlát og opinber málsmeðferð	Gagnsæ upplýsingamiðlun	Hæfir starfsmenn	Markviss áætlanagerð
Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar	Skilvirkni og gæði	Eftirsóknarvert starfsumhverfi	Rekstur í samræmi við fjárheimildir
Traust til dómstólanna	Hagkvæmni	Markviss símenntun	Kostnaðarvitund
		Traust og virðing	

Stefna dómstólasýslunnar

Í stefnu dómstólasýslunnar 2018-2022 er hlutverk og forgangs röðun verkefna skilgreind út frá fjórum meginþáttum; þjónustu, verklagi, mannauði og fjármálum. Stefnunni er ætlað að efla sameiginlega stjórnarsýslu dómstólanna og stuðla að samræmdri framkvæmd mála sem varða innri starfsemi dómstiganna þriggja. Verkefnum sem ráðist er í á hverjum tíma er forgangsraðað til samræmis við fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun dómstólasýslunnar.

Aðgerðaráætlunin er uppfærð árlega og endurspeglast áherslur hennar m.a. í tillögum stjórnar dómstólasýslunnar í vinnu að fjárlögum.

Umhverfisstefna

Dómstólasýslan samþykkti loftslagsstefnu í lok ársins 2021 í samræmi við lög um loftslagsmál, eins og þeim var breytt með lögum nr. 86/2019. Stefnan tekur til alls reksturs stofnunarinnar og varðar alla starfsmenn hennar. Hún nær m.a. til samgangna, innkaupa, orkunotkunar, úrgangsmýndunar og umhverfisfræðslu. Stefnunni er fylgt eftir með þátttöku í verkefninu Græn skref sem er í umsjá Umhverfisstofnunar. Dómstólasýslan uppfyllti tvö skref af fimm í lok ársins 2021. Með þátttöku í verkefninu vill dómstólasýslan draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna.

Reglur

Eftirtaldar reglur dómstólasýslunnar tóku gildi á árinu 2021

1. Reglur um ákvörðun málskostnaðar við áritun stefnu í útivistarmáli skv. 113. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála nr. 1/2021
2. Reglur um almenn starfskjör dómara nr. 3/2021

Eftirtaldar reglur voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar á árinu 2021

1. Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2022
2. Reglur um sérfróða meðdómsmenn nr. 2/2022

Dómstólasýslan hóf einnig vinnu að endurskoðun reglna um birtingu dóma á vefsíðum dómstólanna sem settar eru með stoð í 6. mgr. 7. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, sbr. 41. gr. laga nr. 76/2019. Dómstólasýslan heimsótti af því tilefni dómstóla á öllum dómstigum og fór yfir framkvæmd reglnanna. Þá kannaði hún gildandi reglur á öðrum Norðurlöndum.

Námsleyfi dómara

Dómstólasýslan leggur mat á og tekur afstöðu til umsókna dómara um námsleyfi. Samkvæmt 7. mgr. 44. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla ávinnur dómari sér rétt til þriggja vikna námsleyfis á hverju starfsári og setur dómstólasýslan nánari reglur þar um, sbr. 7. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Sjá reglur dómstólasýslunnar nr. 4/2019 um námsleyfi dómara á domstolasyslan.is.

Samtals voru þrjú dómara í námsleyfi á árinu 2021. Einn dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, einn dómari við Héraðsdóm Suðurlands og einn dómari við Landsrétt.

Námskeið, fundir og aðrir viðburðir á árinu 2021

Námskeið fyrir dómara og aðstoðarmenn dómara 2021

Samning dóma í einkamálum

Benedikt Bogason, forseti Hæstaréttar, fjallaði um þær reglur sem gilda um samningu héraðsdóma í einkamálum. Hugað var að baksviði þeirra reglna og þær nánar skýrðar. Einnig var fjallað um hvaða afleiðingar það hefur þegar samningu dóms er áfátt. Námskeiðið var ætlað fyrir nýskipaða dómara og var haldið tvisvar á árinu.

Samning dóma í sakamálum

Eiríkur Tómasson, fyrrverandi hæstaréttardómari, fjallaði um ákvæði XXVIII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála um hvernig staðið skuli að samningu dóma og annarra dómsúrlausna í þeim málum, m.a. með tilliti til breytinga á ákvæðunum sem gerðar voru 2015. Námskeiðið var ætlað fyrir nýskipaða dómara og var haldið tvisvar á árinu.

Stjórnun þinghalda

Ásgerður Ragnarsdóttir, héraðsdómari í Reykjavík, fjallaði um meðferð mála og stjórnun þinghalda frá sjónarhóli dómans, allt frá skráningu og úthlutun máls til endanlegra lykta þess. Námskeiðið var ætlað fyrir nýskipaða dómara.

Afbrot í netheimum

Daði Gunnarsson lögreglufulltrúi fór yfir helstu brot sem lögreglan fær tilkynnt um á netinu og áskoranir lögreglu í þeim málum. Skýrsla EUROPOL um skipulagða brotastarfsemi á netinu (IOCTA 2020) var borin saman við íslenskan veruleika.

Fíkniefni, þekktu efnin og einkennin

Stefán Árni Jónsson, varðstjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, fjallaði um mismunandi lyf og fíkniefni, mögulegar blöndur, einkenni og hvaða áhrif þau hafa á hegðun neytenda, líkamleg áhrif neyslu, fráhrarfs-einkenni og hvernig umgangast á einstaklinga sem eru undir áhrifum fíkniefna.

Siðareglur Dómarafélags Íslands

Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari fór yfir siðareglur Dómarafélags Íslands og stýrði umræðum í kjölfarið.

Kynning á nýjungum hjá Fons Juris

Einar Sigurbergsson frá Fons Juris kynnti nýjungar hjá Fons Juris. Farið var yfir helstu aðferðir við leitir og notkun lagasafns og lykilorða.

Slysatryggingar

Viðar Már Matthíasson fyrrverandi hæstaréttardómari, fjallaði um ábyrgðartryggingar, sem eina tegund skaðatrygginga. Fjallað var um efnið í tengslum við skaðabóta-ábyrgð og gerð grein fyrir samspili skaðabótareglna og ábyrgðartrygginga. Fjallað var um einkenni ábyrgðartrygginga og ýmsar tegundir þeirra, einkum þær sem ætla má að hafi mesta þýðingu í daglegum störfum dómara.

Skýrslutökur af börnum

Dómstólasýslan hélt í samvinnu við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu málstofu fyrir dómara og aðstoðarmenn dómara um skýrslutökur af börnum. Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari stýrði málstofunni. Aðrir sem tóku til máls voru Ævar Pálmi Pálmason, yfirmaður kynferðisbrotadeildar LRH, Hulda Elsa Björgvinsdóttir, sviðsstjóri ákærusviðs LRH, Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss, og Kristján Ingi Kristjánsson lögreglufulltrúi hjá LRH.

Einkalífs- og persónuvernd hjá dómstólunum

Björg Thorarensen hæstaréttardómari fjallaði um nokkur grunnatriði persónuverndarréttar, markmið Evrópu-reglna og laga nr. 90/2018 um persónuvernd, hugtakið persónuupplýsingar og samspil við stjórnarskrárverndaða friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi. Sérstaklega var vikið að gildissviði laganna, svo og meginreglum og heimildum til vinnslu persónuupplýsinga.

Sönnun í sakamálum

Ásmundur Helgason landsréttardómari fjallaði um sönnunarmat dómara í sakamálum. Á námskeiðinu var fjallað um hvernig dómarar nálgast þetta viðfangsefni. Vikið var að lagalegum ramma sönnunarmatsins og hvað má ráða af rökstuðningi einstakra dóma um hvernig dómarar komast að niðurstöðu. Sérstaklega var lögð áhersla á það hvernig dómarar meta trúverðugleika munnlegs framburðar ákærða og vitna.

Námskeið fyrir allt starfsfólk dómstólanna á árinu 2021

Krefjandi samskipti

Steinunn Inga Stefánsdóttir frá Starfsleikni fjallaði um helstu atriði er varða erfið og krefjandi samskipti við skjólstæðinga, aðstandendur og samstarfsaðila. Farið var yfir muninn á faglegum og ófaglegum leiðum í samskiptum og hvernig skal setja mörk í samskiptum.

Líkamsbeiting

Ásgerður Guðmundsdóttir sjúkraþjálfari fjallaði um líkamsbeitingu, mataræði, hreyfingu, svefn, streitu og geðheilbrigði. Sérstaklega var fjallað um líkamsbeitingu við mismunandi starfsaðstæður og áhrif lífshátta á heilbrigði.

Fíkniefni og einkenni

Stefán Árni Jónsson varðstjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu fjallaði um mismunandi lyf og fíkniefni, mögulegar blöndur, einkenni og hvaða áhrif þau hafa á hegðun neytenda, líkamleg áhrif neyslu, fráhrarfseinkenni og hvernig umgangast á einstaklinga sem eru undir áhrifum fíkniefna.



Góður starfsandi og vinnustaðamenning

Eypór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun fór yfir vinnustaðamenningu og hvernig hún verður til. Nokkrar menningargerðir voru teknar til umræðu og fjallað um áhrifavalda og breytingar á fyrirtækjamenningu.

Hver er í tölvunni þinni?

Dómstólasýslan lét framkvæma öryggisúttekt á innri kerfum dómstólanna. Af því tilefni fór Valdimar Óskarsson, framkvæmdastjóri Syndis, yfir helstu ábendingar sem fram komu í úttektinni og snéru að starfsumhverfi notenda.

Stafrænt Ísland

Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Stafræns Íslands, ræddi um starfsemi Stafræns Íslands, stafvæðingu, sjálfsafgreiðslu og fleira í tengslum við bættu opinbera þjónustu.

Breytingastjórnun

Eypór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun fór yfir lykilatriði breytinga eins og innleiðingu og algeng viðbrögð fólks við

breytingum. Farið var yfir forsendur breytinga og tengsl þeirra við stefnu, skipulag, starfsfólk, tæki, stjórnun og vinnustaðamenningu.

Straumlínustjórnun

Pétur Jóhannes Óskarsson stundakennari við Háskólann á Bifröst fjallaði um helstu aðferðir og grunnhugmyndir um straumlínustjórnun. Farið var yfir það hverju er hægt að ná fram með straumlínuaðferðum og ræddar nokkrar aðferðir, m.a. hvernig þær passa inn í stærra samhengi stefnu og markmiða.

Verkefnastjórnun

Sveinbjörn Jónsson verkfræðingur og sérfræðingur í verkefnastjórnun fór yfir grunninn á verkefnastjórnun og hvar hún getur nýst. Farið var yfir heildarsýn á uppbyggingu verkefna og hvernig hægt er að beita verkefnastjórnun á lítil sem stór verkefni til að tryggja árangur.



Réttindi og skyldur opinberra starfsmanna

Sara Lind Guðbergsdóttir sviðsstjóri stjórnunar og umbóta hjá Ríkiskaupum fjallaði um siðareglur í starfi og samfélagslega ábyrgð starfsstétta. Einnig var fjallað um mikilvægi góðra samskipta á vinnustað og þess að efla umræðu og þekkingu starfsfólks á einelti og kynferðislegri áreitni/ofbeldi og kynbundnu ofbeldi.

Jákvæð sálfræði

Sigríður Hulda Jónsdóttir sálfræðingur fjallaði um rannsóknir á jákvæðri sálfræði og hagnýtingu hennar á vinnustað.

Tölvufærni

Í samvinnu við Starfsmennt var boðið upp á eftirfarandi vefnáms, Excel grunnnámskeið, Excel framhaldsnámskeið, Word grunnnámskeið, Word framhaldsnámskeið, Outlook, verkefna- og tímastjórnun og Microsoft Teams námskeið. Kennari var Bjartmar Þór Hulduson.

Örfundir um Auði

Elín Sigurðardóttir, skjalastjóri dómstólasýslunnar, stýrði níu örfundum um Auði á Teams sem stóðu öllu starfsfólki til boða.

Fundir og viðburðir á árinu 2021

Dómstóladagurinn

Unnið var að undirbúningi að hinum árlega fræðsludegi dómstólasýslunnar sem halda átti föstudaginn 3. september 2021. Fresta þurfti fundinum vegna Covid-19.

Starfsdagur dómritara og skrifstofufólks

Starfsdagur dómritara og skrifstofufólks var haldinn 28. maí 2021. Á deginum var áhersla lögð á samskipti og hópefli, starfsanda og liðsheild og unnið var með aðferðir um hvernig best væri að takast á við álag og streitu. Eypór Eðvarðsson og Ingrid Kuhlman stýrðu deginum.

Starfsdagur ofurnotenda

Árlegur starfsdagur þeirra starfsmanna dómstólanna sem skilgreindir hafa verið sem ofurnotendur var haldinn á Grand Hótel 27. september 2021. Á deginum var lögð áhersla á stafrænt dómskerfi og kynning á réttarvörslugáttinni var í höndum Guðlaugar Drafnar Þórhallsdóttur frá DMR. Sensa hélt erindi og stjórnaði umræðum um þjónustu við dómstólana. Þá voru áskoranir ofurnotenda ræddar og unnið var í vinnustofu fram eftir degi.

Stjórnendabjálfun fyrir dómstjóra

Stjórnendabjálfun fyrir dómstjóra fór fram 31.maí 2021. Farið var yfir stjórnendahlutverk, sérfræðingaumhverfi, leiðtogafærni, framsýni og forystu. Ennfremur var farið yfir árangursstýringu og hlutverk og væntingar stjórnenda, upplýsingamiðlun og gagnsæi. Dr. Þórána Jónsdóttir ráðgjafi stýrði deginum.

Norrænn fundur

Norrænum fundi með systurstofnunum dómstólasýslunnar sem átti að fara fram dagana 25.-27. ágúst 2021 var frestað vegna Covid-19.

SEND í Finnlandi 5.-9. maí

Fyrirhugaðri ráðstefnu SEND (Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere) sem halda átti í Turku í Finnlandi dagana 5.-9. maí 2021 var frestað vegna Covid-19.

Námskeið fyrir matsmenn

Dómstólasýslan og Lögmannafélag Íslands stóðu fyrir tveggja daga námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið var yfir hlutverk matsmanna og starf þeirra frá dómkvaðningu og þar til þeir skila matsgerð og/eða mæta fyrir dóm. Þá var farið yfir ákvæði einkamálalaga sem varða störf matsmanna og samningu og uppsetningu matsgerða, undirbúning matsfunda og störf á vettvangi. Í lok síðari námskeiðsdags var farið í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem nánar var upplýst um samskipti dómkvaddra matsmanna við dómstólana. Þetta er fjórða árið sem námskeið fyrir matsmenn er haldið en 59 sérfræðingar sóttu námskeiðið í ár. Kennarar voru þeir Viðar Lúðvíksson, lögmaður hjá Landslögum, og Ragnar Ómarsson, byggingafræðingur á Verkfræðistofunni Verkís, formaður Matsmannafélags Íslands.

Heimsókn frá Eistlandi

Dómstólasýslan tók á móti sendinefnd frá embætti ríkissaksóknara Eistlands sem sótti Ísland heim til að kynna sér ýmsar stofnanir réttarvörslukerfisins. Dómstólasýslan kynnti hlutverk og helstu verkefni stofnunarinnar.

Heimsókn frá Öryrkjabandalagi Íslands

ÖBÍ og dómstólasýslan funduðu saman um málefni er varða stöðu fatlaðs fólks í dómskerfinu og mikilvægi fræðslu og símenntunar hjá dómurum um málefni fólks með fatlanir. Í kjölfarið auglýsti dómstólasýslan námskeið ERA (Academy of European Law) í Dómstólablaðinu, en þar er boðið upp á sérstök námskeið í Evrópurétti og alþjóðasamningum, þar á meðal samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Samráðsfundur með Lögmannafélagi Íslands

Dómstólasýslan hélt árlegan samráðsfund með Lögmannafélaginu. Meðal umræðuefna var erindi félagsins um þörf á endurskoðun reglna um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun réttargæslumanna nr. 11/2018. Þá var einnig rætt um notkun fjarfundarbúnaðar í þinghöldum og áherslur í stafrænni þróun dómskerfisins.

Fundir með héraðsdómstólum utan höfuðborgarsvæðis

Á árinu heimsótti starfsfólk dómstólasýslunnar Héraðsdóm Norðurlands eystra, Héraðsdóm Norðurlands vestra, Héraðsdóm Suðurlands og Héraðsdóm Vesturlands til þess að ræða um skjalamál, tæknilegan aðbúnað, skráningar í málaskrárkerfi o.fl.

Upplýsingamál dómstólanna

Dómstólablaðið

Rafrænt fréttabréf dómstólasýslunnar var gefið út í 11 tölublöðum á árinu. Í fréttabréfinu er gerð grein fyrir helstu verkefnum og viðburðum í starfsemi dómstólasýslunnar og dómstólanna hverju sinni.

Domstolar.is

Vefur dómstólasýslunnar (domstolar.is) var heimsóttur rúmlega 180 þúsund sinnum á árinu. Það er 9% lækking milli ára og eru gestir farnir að leita í auknum mæli beint á vefsvæði hvers dómstigs. Vefurinn er þannig mest notaður sem gátt yfir á aðra vefi (57% heimsókna), auk þess sem mest lesna efnið er upplýsingar um dómstigin

(20% gesta). Þrátt fyrir lækkinguna fjölgaði þó þeim sem lásu fréttir á vefnum á árinu (3% aukning).

Vefur héraðsdómstóla var heimsóttur rúmlega 470 þúsund sinnum, sem er 11% aukning milli ára.

Vefur Landsréttar var heimsóttur tæplega 520 þúsund sinnum á árinu, sem er tæp tvöföldun frá fyrra ári (99% aukning). Aukning er fyrst og fremst komin til af aukinni virkni gesta (fjöldi heimsókna á hvern gest), en fjöldi gesta jókst um 20% á árinu.

Heimsóknum fjölgaði jafnframt á vef Hæstaréttar, en þær voru tæpar 210 þúsund á árinu, sem er 5% aukning milli ára.

Heildarfjöldi heimsókna á árinu nam tæplega 1,4 milljónum, sem er 27% aukning milli ára.

domstolar.is
180.000
heimsóknir

heradsdomstolar.is
470.000
heimsóknir


landsrettur.is
520.000
heimsóknir

haestirettur.is
210.000
heimsóknir

Traust til dómskerfisins


Könnun Gallup um traust til stofnana og embætta var framkvæmd í ársbyrjun 2021. Samkvæmt könnuninni báru nær 46% landsmanna mikið traust til dómskerfisins. Hlutfall þeirra sem báru mikið traust til Hæstaréttar var 57% á meðan Landsréttur naut 44% trausts og héraðsdómstólarnir 47%.

Traust landsmanna til dómskerfisins




Hversu mikið eða lítið traust berð þú til dómstólanna?


Héraðsdómstólarnir




Landsréttur



Hæstiréttur



- Fullkomið/mikið traust
- Hvorki né
- Alls ekkert/lítið traust



Upplýsingatækni

Til samræmis við stefnu og fjármálaáætlun dómstólasýslunnar var unnið að margvíslegum upplýsingatækni-verkefnum á árinu með það að markmiði að styðja við tæknilegan aðbúnað og stafræna þróun dómskerfisins. Þeirra á meðal voru ýmis umbótaverkefni á málaskrárkerfi, vefþjónustutenging milli málaskrárkerfis héraðsdómstólanna og Fjárslunnar var kláruð og eldri málaskrá lokað í framhaldinu. Þá var unnið að stöðluðum tölfraðiskýrslum fyrir stjórnendur sem settar voru upp í skýrslustjórnborð í málaskrárkerfi héraðsdómstólanna. Grunnur var lagður að sérstöku verkefni um stafrænt dómskerfi.

Dómstólasýslan og dómstólarnir tóku áfram þátt í þróun réttarvörslugáttar sem er verkefni á vegum dómsmálaráðuneytisins og er ætlað að tengja saman stofnanir réttarvörslu-kerfisins, einfalda skráningar og gagnaflutninga með það

sem aðalmarkmið að stuðla að stafrænni málsmeðferð í réttarvörslu-kerfinu. Réttarvörslugáttin sem hafði áður verið virk í ákveðnum málategundum í Héraðsdómi Reykjavíkur var innleidd í Héraðsdómi Reykjaness haustið 2021.

Unnið var að umbótum á virkni réttarvörslugáttar, sendingu gagna milli lögreglu og dómstóla og prufuaðgangur virkjaður fyrir Landsrétt. Komið var á virkri tengingu á milli málaskrár héraðsdómstólanna og réttarvörslugáttar og unnið að frekari samþættingu þar á milli. Undir lok ársins var stofnaður rýnihópur dómara undir umsjón verkefnastjórategymis dómstólasýslunnar sem ætlað er að vera til ráðgjafar um álitamál sem koma upp við þróun réttarvörslugáttarinnar.

Við gildistöku laga nr. 32/2020 um breytingu á ýmsum lögum vegna Covid-19 var veitt tímabundin en mikilvæg heimild til nýtingar rafrænna lausna m.a. hjá dómstólunum.

Þessi heimild var framlengd til ársloka 2023 með lögum um breytingu á ýmsum lögum til að framlengja gildistíma bráðabirgðaákvæða um rafræna meðferð mála o.fl. nr. 136/2021.

Sérfróðir meðdómsmenn

Eitt af hlutverkum dómstólasýslunnar er að tilnefna hæfilegan fjölda sérfróðra meðdómsmanna, sbr. VII. kafla laga um dómstóla. Gert er ráð fyrir að dómstólasýslan tilnefni aðila með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sviðum þar sem reynir á slíka þekkingu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Almennar hæfniskröfur meðdómsmanna koma fram í 3. mgr. 39. gr. laga um dómstóla.

Á árinu tilnefndi dómstólasýslan 30 einstaklinga til þess að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna eftir þörfum dómstólanna til næstu fimm ára og er heildarfjöldi þeirra við árslok 196.

Nefndir hjá dómstólasýslunni

Nefnd um dómarastörf - Hlutverk

Nefnd um dómarastörf hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni og veitir dómstólasýslan henni margvíslega aðstoð, m.a. við skráningu mála í málaskrá, birtingu álitá á vef dómstólasýslunnar og við birtingu á hagsmunaskráningu dómara.

Nefndina skipuðu Hjördís Björk Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, formaður, Helgi I. Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Sindri M. Stephensen, dósent við Háskólann í Reykjavík. Átta kvörtunarmál voru afgreidd á árinu og tóku varamaður Hjördísar, Guðmundur Sigurðsson, og varamaður Helga, Sigríður Ingvarsdóttir, sæti í nefndinni við úrlausn eins máls.

Nefndin hefur sett sér reglur um birtingu álitá í samráði við dómstólasýsluna en nánari upplýsingar um nefndina, auka-
störf dómara, álit og ákvarðanir eru birtar á domstolar.is.

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara. Á árinu 2021

komu alls fimm dómnefndir saman til að meta hæfni umsækjenda um hin ýmsu dómaraembætti. Samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla hefur dómnefndin aðstoðuð hjá dómstólasýslunni. Í því felst m.a. að nefndin fundar í fundarherbergi dómstólasýslunnar og hélt nefndin um 40 fundi á árinu í húsakynnum dómstólasýslunnar. Þá gegnir starfsmaður dómstólasýslunnar stöðu ritara nefndarinnar.

Hinn 20. nóvember 2020 var embætti dómara við Landsrétt auglýst til umsóknar og bærust alls þrjár umsóknir. Hinn 15. febrúar 2021 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Símon Sigvaldason, dómstjóra við Héraðsdóm Reykjavíkur, hæfastan til að hljóta skipun í embætti landsréttardómara.

Hinn 28. febrúar 2021 var embætti dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra auglýst til umsóknar. Umsækjendur um embættin voru upphaflega fimm, en einn þeirra dró umsókn sína til baka. Hinn 27. maí 2021 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Hlyn Jónsson lögmann hæfastan til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Hinn 7. maí 2021 var embætti héraðsdómara, sem mun hafa starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólasýslunnar, auglýst til umsóknar og bærust alls sjö umsóknir. Hinn 13. júlí 2021 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Björn Þorvaldsson saksóknara hæfastan til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Hinn 9. júlí 2021 auglýsti dómsmálaráðuneytið laus til umsóknar tvö embætti héraðsdómara með fyrstu starfsstöð, annars vegar við Héraðsdóm Reykjavíkur og hins vegar Héraðsdóm Reykjaness. Umsækjendur um embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur voru upphaflega níu, en einn þeirra dró umsókn sína til baka. Umsækjendur um embætti dómara við Héraðsdóm Reykjaness voru upphaflega átta, en einn þeirra dró umsókn sína til baka. Hinn 15. september 2021 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Sigríði Rut Júlíusdóttur lögmann hæfasta til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og Maríu Thejll lögmann hæfasta til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjaness.

Hinn 15. október 2021 auglýsti dómsmálaráðuneytið laus til umsóknar tvö embætti héraðsdómara með fyrstu starfsstöð, annars vegar við Héraðsdóm Reykjavíkur og

hins vegar Héraðsdóm Suðurlands. Umsækjendur um embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur voru alls átta en umsækjendur um embætti dómara við Héraðsdóm Suðurlands voru alls tíu. Hinn 15. desember 2021 lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún mat Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmann hæfastan til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Suðurlands. Tveir umsækjendur voru metnir jafn hæfir til að gegna embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og skipaði ráðherra Nönnu Magnadóttur í embætti héraðsdómara.

Á árinu 2021 gerði dómnefndin tillögu að setningu þriggja varadómara við meðferð tveggja mála við Landsrétt og í tvígang tillögu að setningu varadómara við meðferð tveggja mála við Hæstarétt Íslands. Dómnefndin gerði jafnframt tillögu um setningu dómara við Landsrétt og tillögu um setningu héraðsdómara við Héraðsdóm Vestfjarða en í báðum tilvikum var um að ræða ákveðið tímabili vegna leyfa dómara við réttina.

Í upphafi árs skipuðu dómnefndina Eiríkur Tómasson, formaður, Kristín Benediksdóttir dósent, Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður, Ragnheiður Harðardóttir landsréttardómari og Óskar Sigurðsson lögmaður. Skipunartími í dómnefndina er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans. Á árinu rann út skipunartími Ragnheiðar Harðardóttur aðalmanns og Halldórs Halldórssonar, dómstjóra við Héraðsdóm Norðurlands vestra, varamanns hennar. Dómstólasýslan tilnefndi Þorgeir Örlygsson, fyrrum hæstaréttardómara, sem aðalmann í dómnefndina og Ragnheiði Thorlacius, fyrrum héraðsdómara, sem varamann hans, en þau voru skipuð af hálfu dómsmálaráðuneytisins 2. nóvember 2021.

Fagráð og starfsmenntunarsjóður dómara

Fagráð

Dómstólasýslan starfrækir óháð fagráð þriggja aðila sem ætlað er að taka á málum er varða einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Katrín Helga Hallgrímsdóttir lögfræðingur er formaður ráðsins en auk hennar skipa ráðið þau dr. Hörður Þorgilsson, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði, og Sjöfn Evertsdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði.

Starfsmenntunarsjóður dómara

Starfsmenntunarsjóður dómara starfar á grundvelli 8. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Kostnaður dómara við námskeið, námsstefnur, ráðstefnur eða sambærilega þekkingaröflun sem telja má til starfsmenntunar greiðist úr sjóðnum til samræmis við úthlutunarreglur sjóðsins, sjá á domstolasyslan.is. Dómstólasýslan tók við umsóknum og sá um greiðslu styrkja í kjölfar samþykktar þeirra. Tekið var á móti 39 umsóknum í sjóðinn á árinu 2021. Fjöldi funda stjórnar var fjórir á árinu.

Formaður Starfsmenntunarsjóðs dómara er Kristín Benediksdóttir, dósent, tilnefnd af dómsmálaráðherra en aðrar í stjórn eru Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, tilnefnd af Hæstarétti Íslands, og Ólöf Finnsdóttir, skrifstofustjóri Hæstaréttar, tilnefnd af dómstólasýslunni.

Erlent samstarf

SEND (Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere)

SEND er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara. Í stýrinfnd SEND sitja fulltrúar norrænu dómstólanna en hlutverk hennar er að ákveða og skipuleggja efni málþinganna hverju sinni. Hildur Briem, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, er formaður.

CEPEJ (European Commission for the efficiency of justice)

Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar er fulltrúi Íslands hjá CEPEJ. Markmið CEPEJ er að stuðla að aukinni skilvirkni réttarkerfa innan sambandsríkjanna og setur m.a. í þeim tilgangi mælikvarða og safnar tölfræðiupplýsingum frá stofnunum og dómstólum, <https://www.coe.int/en/web/cepej/home/>

Fulltrúi Íslands hjá CEPEJ sótti fjarfundi á árinu hjá ráði CEPEJ. Þá hafði dómstólasýslan umsjón með öflun upplýsinga um réttarvörslukerfið á Íslandi fyrir skýrslu CEPEJ um gæðamál í réttarvörslukerfum aðildarríkjanna 2020 sem kemur út 2022. Að lokum voru tilnefndir fulltrúar frá dómstólasýslunni í vinnuhóp um stafrænt réttarvörslukerfi (CEPEJ Cyber Justice) sem sóttu fjarfundi á árinu.



Fjárheimildir dómstólanna

Stofnun	Heildarfjárheimild
Hæstiréttur	457,9
Héraðsdómstólar	1.881,9
Landsréttur	741,6
Dómstólasýslan	360,7

Tafla: Fjárheimildir dómstólanna og dómstólasýslunnar samkvæmt fjárlögum 2021, í millj. kr.

Skipting ársverka hjá dómstólum





Mannauður dómstólanna og dómstólasýslunnar

Dómstólasýslan

Hjá dómstólasýslunni störfuðu sex starfsmenn miðað við árslok 2021, allt konur.

Dómstólarnir

Hjá Hæstarétti, Landsrétti og héraðsdómstólunum störfuðu alls 135 þar af 57 karlar og 78 konur miðað við árslok 2021.

Dómarar

Dómarar voru samtals 63 við árslok 2021, þar af 35 karlar og 28 konur. Í Hæstarétti voru fjórir karlar og þrjár konur í embætti dómara. Í Landsrétti voru níu karlar og sex konur í embætti dómara og hjá héraðsdómstólunum voru 22 karlar og 19 konur í embætti dómara.

Aðstoðarmenn

Aðstoðarmenn dómara voru samtals 21 miðað við árslok 2021, 11 konur og 10 karlar. Í Hæstarétti voru um áramót einn karl og ein kona aðstoðarmenn dómara. Í Landsrétti voru fjórir karlar og fjórar konur og hjá héraðsdómstólunum voru fimm karlar og sex konur aðstoðarmenn dómara.

Aðrir starfsmenn

Aðrir starfsmenn dómstólanna voru samtals 49 miðað við árslok 2021, 10 karlar og 39 konur. Í Hæstarétti var einn karl og þrjár konur, í Landsrétti fjórir karlar og fjórar konur og í héraðsdómstólunum voru fimm karlar og 32 konur.

Héraðsdómstólar

Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga um dómstóla. Dómstólasýslan ákveður við hvaða héraðsdómstól dómarar

skuli eiga fast sæti en heimilt er að ákveða að allt að þrjú héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um dómstóla. Á árinu 2021 voru tveir faranddómarar starfandi, annar þeirra með aðsetur við Héraðsdóm Reykjavíkur og hinn með aðsetur við Héraðsdóm Reykjaness. Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um dómstóla skipar dómstólasýslan dómstjóra við hvern héraðsdómstól en dómstjórar ráða aðra starfsmenn en dómara, sbr. 4. mgr. 31. gr. laga um dómstóla. Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga um dómstóla. Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans.

Landsréttur

Í Landsrétti eiga 15 dómarar sæti og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um dómstóla. Við Landsrétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn, sbr. 22. gr. laga um dómstóla. Forseti Landsréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn en forseti ræður lögfræðinga og aðra starfsmenn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um dómstóla.

Hæstiréttur

Í Hæstarétti eiga sæti sjö dómarar og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga um dómstóla. Við Hæstarétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn, sbr. 14. gr. laga um dómstóla. Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn en forseti ræður lögfræðinga og aðra starfsmenn, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla.

Endurupptökudómur

Í Endurupptökudómi sitja fimm dómendur og fimm varamenn þeirra, tveir frá hverju dómstigi, dómandi og varamaður hans, og fjórir aðrir, tveir dómendur og varamenn þeirra, sem ekki eru embættisdómarar, en skipað er í þessar fjórar stöður að undangenginni auglýsingu og umsögn dómnefndar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, sbr. 2., 3. og 4. mgr. 54. gr. laga um dómstóla. Skipunartími í dóminn er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans, sbr. 5. mgr. 54. gr. laga um dómstóla. Sá hæstaréttardómari sem skipaður er í dóminn skal vera forseti hans, sbr. 6. mgr. 54. gr. laga um dómstóla.

Starfsmenn dómstólanna og dómstólasýslunnar	Kk	Kvk	Samtals
Dómstólasýslan	0	6	6
Dómarar	35	28	63
Aðstoðarmenn dómara	10	11	21
Aðrir starfsmenn	10	39	49
Samtals	55	84	139

Starfsmenn héraðsdómstóla	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Héraðsdómur Reykjavíkur	22	10	12	6	3	3	22	5	17	50
Héraðsdómur Reykjaness	10	5	5	2	1	1	7	0	7	19
Héraðsdómur Vesturlands	1	1	0	1	1	0	1	0	1	3
Héraðsdómur Vestfjarða	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands vestra	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands eystra	3	1	2	1	0	1	2	0	2	6
Héraðsdómur Austurlands	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Suðurlands	2	2	0	1	0	1	2	0	2	5
Samtals	41	22	19	11	5	6	37	5	32	89
Ársverk	38,41			11,14			34,31			83,86

Starfsmenn Landsréttar	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Starfsmenn	15	9	6	8	4	4	8	4	4	31
Ársverk	15,63			7,36			7,19			30,18

Starfsmenn Hæstaréttar	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Starfsmenn	7	4	3	2	1	1	4	1	3	13
Ársverk	7			2,76			4,43			14,19

Dómstólarnir í tölum


Á meðfylgjandi töflu er samantekt á fjölda áfrýjaðra og kærðra einkamála og sakamála í Hæstarétti og Landsrétti á árinu 2021 ásamt fjölda munnlega fluttra einkamála og ákærumála í héraðsdómstólunum átta. Nánari sundurliðun á málafjölda og málategundum er að finna í umfjöllun um hvert dómstig fyrir sig.

Hæstiréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	25
Einkamál kært	16
Sakamál áfrýjað	10
Sakamál kært	5
Samtals	56


Landsréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	273
Einkamál kært	188
Sakamál áfrýjað	120
Sakamál kært	224
Samtals	805

Héraðsdómstólar - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Munnlega flutt einkamál	787
Ákærumál	1.427
Samtals	2.214


Hæstiréttur árið 2021



Landsréttur árið 2021



Héraðsdómstólar árið 2021







HÆSTIRÉTTUR

Skipaðir dómáramar við Hæstarétt eru sjö, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016. Benedikt Bogason var kjörinn forseti réttarins frá 1. september 2020 til 31. desember 2021 og Ingveldur Einarsdóttir varaforseti sama tímabil. Í árslok voru þau endurkjörin fyrir tímabilið 2022 til 2026. Löglerðir aðstoðarmenn voru fimm í 2,76 stöðugildum og aðrir starfsmenn að skrifstofustjóra meðtöldum voru fjórir. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er Ólöf Finnsdóttir skipuð frá 1. ágúst 2021 en þann dag lét Þorsteinn A. Jónsson af störfum.

HÆSTIRÉTTUR HAFÐI

76 mál

TIL AFGREIÐSLU ÁRIÐ 2021

Fjöldi mála

Hæstiréttur hafði til afgreiðslu 76 mál á árinu 2021, þar af voru 20 óafgreidd í ársbyrjun og 56 mál bárust á árinu. Þetta er fjölgun milli ára en árið 2020 hafði Hæstiréttur samtals 59 mál til afgreiðslu. Í árslok var 21 mál óafgreitt.

Dæmd mál og málsmeðferðatími

Á árinu 2021 dæmdi Hæstiréttur í 55 málum, þar af voru 38 áfrýjuð einka- og sakamál og 17 kærð einka- og sakamál. Málsúrslit voru staðfest í 22 málum árið 2021, breytt að einhverju leyti í sjö málum, breytt að verulegu leyti í tveimur málum en snúið við, ómerkt eða vísað frá í 22 málum.

Málsmeðferðatími í Hæstarétti í áfrýjuðum einkamálum, frá því að áfrýjunarstefna var gefin út fram að lyktum var 200 dagar árið 2021 samanborið við 205 daga árið 2020.

Í áfrýjuðum sakamálum var málsmeðferðartími frá því að útgefin áfrýjunarstefna barst réttinum frá ríkissaksóknara fram að lyktum 164 dagar árið 2021 samanborið við 173 daga árið 2020.

Innkomin mál	2020	2021
Einkamál áfrýjuð	23	25
Einkamál kærð	10	16
Sakamál áfrýjuð	8	10
Sakamál kærð	0	5
Samtals	41	56

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2020	2021
Óafgreidd mál í ársbyrjun	18	20
Innkomin mál á árinu	41	56
Mál til afgreiðslu	59	76
Dómar	38	55
Afturkallað/fellt niður	1	0
Samtals afgreidd mál	39	55
Óafgreidd mál í árslok	20	21

Dæmd mál - Tegund	2020	2021
Áfrýjuð einkamál	27	27
Áfrýjuð sakamál	4	11
Kærð einkamál	7	14
Kærð sakamál	0	3
Samtals mál	38	55

Málsmeðferðartími - Tegund mála	2020	2021
Áfrýjuð einkamál	205	200
Áfrýjuð sakamál	173	164
Kærð einkamál	72	31
Kærð sakamál	0	12
Meðaltal dagar	177	137

Málsúrslit	2020	2021
Staðfest	20	22
Breytt að einhverju leyti	5	7
Breytt að verulegu leyti	2	2
Snúið við	5	8
Ómerking/frávísun	6	14
Samtals dómur	38	*53

*Heildarfjöldi dæmdra mála 2021 var 55. Af þeim voru tvö endurupptökumál en úrslit þeirra eru eðli máls samkvæmt ekki tiltekin í þessari töflu.

Málskotsbeiðnir - áfrýjunar- eða kæruleyfi

Á árinu 2021 bárust Hæstarétti samtals 156 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi og var 21 beiðni óafgreidd frá fyrra ári. Beiðnirnar skiptast eftir því hvort beiðin var um áfrýjunarleyfi vegna einkamáls og sakamáls og kæruleyfi. Alls voru afgreiddar 155 beiðnir á árinu og voru 23 beiðnir óafgreiddar í árslok.

Málskotsbeiðnir alls - Áfrýjunar- eða kæruleyfi	2020	2021
Beiðnir frá fyrra ári	13	21
Nýjar beiðnir	138	156
Beiðnir til afgreiðslu	151	177
Afgreiddar beiðnir	130	155
Óafgreiddar beiðnir í árslok	21	23



LANDSRÉTTUR

Landsréttur tók til starfa 1. janúar 2018 við gildistöku laga um dómstóla nr. 50/2016. Árið 2021 var fjórða starfsár réttarins.

Skipaðir dómaraar við Landsrétt eru 15. Einn dómari var skipaður til starfa við réttinn í stað dómara sem lét af störfum árið 2020. Þrjú dómaraar skipa dóm í hverju máli en þó er unnt í undantekningartilvikum að skipa dóminn fimm dómurum. Sú heimild var nýtt í einu máli á árinu 2021.

Löglærðir aðstoðarmenn dómara eru átta og aðrir starfsmenn, að skrifstofustjóra meðtöldum, eru átta. Forseti Landsréttar er Hervör Þorvaldsdóttir og varaforseti Landsréttar er Davíð Þór Björgvinsson. Skrifstofustjóri Landsréttar er Gunnar Viðar sem tók til starfa í lok apríl 2021.

Fjöldi mála

Á árinu 2021 bárust Landsrétti 805 ný mál. Af þeim voru 273 áfrýjuð einkamál og 120 áfrýjuð sakamál. Kærð einkamál voru 188 og kærð sakamál 224. Þetta er fjölgun milli ára en til samanburðar bárust Landsrétti 754 ný mál árið 2020.

Dæmd mál og málsmeðferðatími

Á árinu 2021 voru leidd til lykta 778 mál, þar af lauk 705 málum með dómi eða úrskurði en 73 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 416 málum, breytt að einhverju leyti í 85 málum og breytt verulega eða snúið við í 142 málum.

Meðalmálsmeðferðatími í Landsrétti í áfrýjuðum einkamálum, frá útgáfu áfrýjunarstefnu fram að lyktum, var 352 dagar árið 2021.

Meðalmálsmeðferðatími í áfrýjuðum sakamálum, frá því að ríkissaksóknari sendir Landsrétti málgögn fram að lyktum málsins, var 254 dagar árið 2021.

Áfrýjuð mál

Landsréttur afgreiddi 369 áfrýjuð mál á árinu 2021, 234 einkamál og 135 sakamál, þar af voru kveðnir upp dómur eða úrskurðir í 307 málum en 62 mál voru felld niður.

Á árinu kvað Landsréttur upp dóma eða úrskurði í 181 einkamáli en 53 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 94 málum, breytt að einhverju leyti í 20 málum, breytt verulega eða snúið við í 51 máli en 16 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.


Landsréttur kvað upp dóma eða úrskurði í 126 áfrýjuðum sakamálum en níu mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 46 málum, breytt að einhverju leyti í 42 málum, breytt verulega eða snúið við í 36 málum en tvö mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

LANDSRÉTTI BÁRUST

805 ný mál

ÁRIÐ 2021

Próun fjölda mála árið 2021



Próun fjölda mála	2020	2021
Einkamál áfrýjað	228	273
Einkamál kært	219	188
Sakamál áfrýjað	80	120
Sakamál kært	227	224
Samtals	754	805

Kærð mál

Málum er unnt að skjóta til Landsréttar annars vegar með áfrýjun og hins vegar með kæru. Málsmeðferð í áfrýjuðum málum er munnleg þar sem við aðalmeðferð mála er unnt að leiða aðila og vitni til skýrslugjafar.


Einkamál sem hægt er að skjóta til Landsréttar með kæru eru annars vegar ágreiningur sem lýtur að réttarfarsatriðum og hins vegar mál sem löggjafinn hefur metið svo að þyrftu skjótrar úrlausnar við.

Landsréttur afgreiddi 409 kærð mál á árinu 2021, 186 einkamál og 223 sakamál, þar af voru kveðnir upp úrskurðir í 398 málum en 11 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest eða breytt að einhverju leyti í 299 málum en var breytt verulega eða snúið við í 55 málum, en 44 málum lauk með ómerkingu eða frávísun.


Áfrýjuð mál	Einkamál	Sakamál
Staðfest	94	46
Breytt að einhverju leyti	20	42
Breytt verulega eða snúið við	51	36
Ómerking eða frávísun	16	2
Niðurfelld mál	53	9
Samtals áfrýjuð mál	234	135

Kærð mál	Einkamál	Sakamál
Staðfest	124	152
Breytt að einhverju leyti	13	10
Breytt verulega eða snúið við	30	25
Ómerking eða frávísun	14	30
Niðurfelld mál	5	6
Samtals kærð mál	186	223

Áfrýjuð mál árið 2021



Kærð mál árið 2021



Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2020	2021
Óafgreidd mál í ársbyrjun	374	355
Innkomin mál á árinu	754	805
Dómar og úrskurðir	701	705
Afturkallað/felld niður	72	73
Samtals afgreidd mál	773	778
Óafgreidd mál í árslok	355	382



Héraðsdómur Vestfjarða

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Héraðsdómur Austurlands

Héraðsdómur Vesturlands

Héraðsdómur Reykjavíkur

Héraðsdómur Suðurlands

Héraðsdómur Reykjaness

HÉRAÐSDÓMSTÓLARNIR

Dómarar í héraði eru 42 starfandi við átta héraðsdómstóla. Um skiptingu þeirra milli héraðsdómstólanna vísast í kafla hér að framan um mannauð dómstólanna.

Þegar þróun á fjölda dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum er til skoðunar er fyrst og fremst horft til munnlega fluttra einkamála og sakamála enda vega þau þyngst hjá héraðsdómstólunum.

Fjöldi mála

Alls bárust 10.739 mál til héraðsdómstólanna árið 2021 samanborið við 14.653 árið 2020: sem er nálægt meðaltali mála síðustu fimm árin á undan.


Alls bárust Héraðsdómi Reykjavíkur 6.141 mál árið 2021 og Héraðsdómi Reykjaness bárust 2.633 mál.

HÉRAÐSDÓMSTÓLUM BÁRUST


10.739 mál

ÁRIÐ 2021

Heildarfjöldi dómsmála hjá héraðsdómstólunum 2012–2021



Fjöldi munnlega fluttra einkamála, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími frá þingfestingardegi 2012–2021




Einkamál

Einkamál eru annars vegar munnlega flutt og hins vegar skriflega flutt. Þegar einkamáli er stefnt fyrir héraðsdómstól og tekið til varnar er því úthlutað dómara til meðferðar. Ef ekki takast sættir eða mál er fellt niður af öðrum ástæðum fer það til munnlegs málflyttings fyrir dómstólum. Ef ekki er tekið til varnar í einkamáli lýkur því með áritun eða útvistardómi og telst því skriflega flutt.


Alls komu 787 einkamál til munnlegs málflyttings á árinu 2021 en 914 einkamálum var lokið. Óafgreidd einkamál í árslok voru 655. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 363 dagar á árinu 2021 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 371 dagar á árinu 2020.

Munnlega fluttum einkamálum hefur farið fækkandi en þau voru 787 á árinu 2021 samanborið við 845 árið 2020.

Skriflega flutt einkamál 2012–2021



Innkomin ákærumál, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími 2012–2021




Ákærumál

Alls komu 1.427 ákærumál til meðferðar héraðsdómstólanna árið 2021, í heildina var 1.538 lokið á árinu og 481 máli ólokið um áramót. Málsmeðferðartími ákærumála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 139 dagar á árinu 2021 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 112 dagar á árinu 2020.


Gjaldprot

Árið 2021 bárust héraðsdómstólunum 1.680 gjaldprotaskiptabeiðnir samanborið við 1.699 árið 2020. Uppkveðnir gjaldprotáurskurðir einstaklinga voru 201 árið 2021 og 222 árið 2020. Uppkveðnir gjaldprotáurskurðir lögaðila voru 954 árið 2021 en 780 árið 2020.


Fjöldi gjaldprotaskiptabeiðna sem bárust héraðsdómstólunum 2012–2021



Fjöldi gjaldprotaskiptáurskurða einstaklinga 2012–2021



Fjöldi uppkveðinna gjaldprotaskiptáurskurða hjá héraðsdómstólunum eftir lögaðilum og einstaklingum 2012–2021




Rannsóknarúrskurðir

Á meðfylgjandi mynd er þróun fjölda uppkveðinna rannsóknarúrskurða hjá héraðsdómstólunum á tímabilinu 2012-2021. Rannsóknarúrskurðir eru af ýmsu tagi, t.d. úrskurðir um húsleit, símhlerun, farbann, gæsluvarðhald o.fl. Tvær tegundir rannsóknarúrskurða eru tiltekna sérstaklega í töflunni, þ.e úrskurðir um húsleit og gæsluvarðhald.

Árið 2021 voru kveðnir upp samtals 1.447 rannsóknarúrskurðir hjá héraðsdómstólunum. Þar af voru 140 húsleitarúrskurðir og 337 gæsluvarðhaldsúrskurðir og af þeim voru 177 úrskurðir um framlengingu gæsluvarðhalds.



Rannsóknarúrskurðir 2012–2021




ENDURUPPTÖKUDÓMUR

Endurupptökudómur er sérdómstóll sem tekur ákvörðun um hvort heimila eigi endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti, sbr. IX. kafla laga um dómstóla nr. 50/2016. Um endurupptöku dómsmála gilda ákvæði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum XXVIII. og XXIX. kafli, og lög um meðferð sakamála nr. 88/2008, einkum XXXIV. og XXXV. kafli.

Fimm dómendur eru skipaðir í Endurupptökudóm: Karl Axelsson, dómari við Hæstarétt Íslands, forseti Endurupptökudóms, Oddný Mjöll Arnardóttir, dómari við Landsrétt, Hólmfríður Grímsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor og Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður. Varamenn þeirra eru Ingveldur Einarsdóttir, dómari við Hæstarétt Íslands, Aðalsteinn E. Jónasson, dómari við Landsrétt, Helgi Sigurðsson, dómari

við Héraðsdóm Reykjavíkur, Eiríkur Elís Þorláksson dósent og Stefán Geir Þórisson lögmaður. Skipunartími í dóminn er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans. Ef aðalmaður er skipaður til þriggja ára eða skemmri tíma fyrstu starfsár dómstólsins er heimilt að skipa hann í Endurupptökudóm einu sinni að nýju. Á árinu rann út skipunartími Karls Axelssonar aðalmanns og Ingveldar Einarsdóttur varamanns hans. Þar sem skipunartími þeirra frá stofnun Endurupptökudóms var eitt ár ákvað Hæstiréttur að tilnefna þau að nýju og voru Karl og Ingveldur skipuð af hálfu dómsmálaráðuneytisins 27. janúar 2022.

Endurupptökudómur hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni. Nánari upplýsingar um Endurupptökudóm er að finna á vef dómstólsins: endurupptokudomur.is.



Á árinu 2021 lauk Endurupptökudómur 27 málum. Í mála-skrá Endurupptökudóms voru skráð 41 mál á árinu 2021, 20 beiðni vegna einkamála og 21 beiðni vegna sakamála

Af 24 úrskurðum hafa 11 verið kveðnir upp án þess að gagnaöflun hafi farið fram (beiðni bersýnilega ekki á rökum reist), en í 13 tilvikum hefur gagnaöflun farið fram.


Samtals hafa 24 úrskurðir verið birtir á heimasíðu Endurupptökudóms.

ENDURUPPTÖKUDÓMUR LAUK

27 málum


ÁRIÐ 2021

Úrlausnir sem óskað var endurupptöku á árið 2021 voru frá:



Úrlausnir sem óskað var endurupptöku á voru frá:	
Hæstarétti	18
Landsrétti	12
Héraðsdómstól	11

Málum lokið árið 2021



Málum lokið árið 2021	
Beiðni hafnað	11
Beiðni samþykkt	6
Beiðni vísað frá	7
Beiðni afturkölluð	3
Samtals	27

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14
108 Reykjavík
Sími 432-5010
domstolasyslan@domstolasyslan.is
Framkvæmdastjóri: Kristín Haraldsdóttir

Hæstiréttur Íslands
Lindargötu 2
101 Reykjavík
Sími 510-3030
haestirettur@haestirettur.is
Forseti Hæstaréttar: Benedikt Bogason

Landsréttur
Vesturvör 2
200 Kópavogur
Sími 432-5300
landsrettur@landsrettur.is
Forseti Landsréttar: Hervör Þorvaldsdóttir

Héraðsdómur Reykjavíkur
Austurstræti 19
101 Reykjavík
Sími 432-5200
heradsdomur.reykjavikur@domstolar.is
Dómstjóri: Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Héraðsdómur Vesturlands
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Sími 432-5030
heradsdomur.vesturlands@domstolar.is
Dómstjóri: Lárentsínus Kristjánsson

Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 9
400 Ísafjörður
Sími 432-5040
heradsdomur.vestfjarda@domstolar.is
Dómstjóri: Halldór Björnsson

Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkrúkur
Sími 455-6444
heradsdomur.nordurlands.vestra@domstolar.is
Dómstjóri: Halldór Halldórsson

Héraðsdómur Norðurlands eystra
Hafnarstræti 107
600 Akureyri
Sími 432-5060
heradsdomur.nordurlands.eystra@domstolar.is
Dómstjóri: Sigrún Guðmundsdóttir

Héraðsdómur Austurlands
Lyngási 15
700 Egilsstaðir
Sími 432-5070
heradsdomur.austurlands@domstolar.is
Dómstjóri: Ólafur Ólafsson

Héraðsdómur Suðurlands
Austurvegi 4
800 Selfoss
Sími 432-5080
heradsdomur.sudurlands@domstolar.is
Dómstjóri: Sigurður Gísli Gíslason

Héraðsdómur Reykjaness
Fjarðargötu 9
220 Hafnarfirði
Sími 535-7000
heradsdomur.reykjaness@domstolar.is



DÓMSTÓLASÝSLAN